

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík,
nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958 og nr. 258 24. nóvember 1969, breytist þannig:

- a. Síðari málslíður 3. mgr. falli niður.
- b. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Á eftirtöldum vegum skal hámarkshraði þó vera 60 km miðað við klukkustund:
 - a) Miklubraut austan Kringlumýrarbrautar.
 - b) Kringlumýrarbraut sunnan Miklubrautar.
 - c) Vesturlandsvegi vestan Höfðabakka.
 - d) Höfðabakka sunnan Vesturlandsvegar.
 - e) Bæjarhálsi vestan Tunguháls.
 - f) Gufunesvegi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. apríl 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.